

**Ed.**

## **210. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um bráðabirgðatekjuöflun rikissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Flm.: Páll Zóphóniasson, Ingvar Pálmason.

Við 3. gr.

- a. Í stað „8 aurar“ í 1. málsg. komi: 9 aurar.
- b. 3. málsg. orðist svo:

Þeim tekjuauka, sem leiðir af framangreindri hækkun innflutningsgjaldsins af benzini frá því, sem það var eftir nefndum lögum frá 1932, skal varið að  $\frac{1}{5}$  hlutum til að greiða kostnað við lagningu akvega og malbikun þjóðvega, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum, en að  $\frac{1}{5}$  til brúargerða, og skal fyrst byggja brú á Jökulsá á Fjöllum hjá Lambhöfða.

Nú þykir ekki fært að flytja inn efni til brúargerða á árinu 1941, og skal þá geyma það fé, er til brúargerða skal ganga eftir ákvæði þessu, þar til kleift verður að flytja inn byggingarefni.